

Orkubú Vestfjarða leitar eftir vélfræðing eða rafiðnfræðing til starfa í Mjólkárverkjun í Arnarfirði.

Um er að ræða vaktavinnu og skiptast vaktirnar á fjóra starfsmenn. Gerð er krafa um góða íslenskukunnáttu og víðtæka fagþekkingu á búnaði til orkuframleiðslu. Starfið felst einnig í eftirliti og skráningum ásamt viðhaldi á búnaði utan- sem innandyra og öðrum tilfallandi verkefnum.

Húsnæði í boði á staðnum.

Allar umsóknir og óskir um upplýsingar um starfið gefur Sölvi R Sólbergsson, framkvæmdarstjóri Orkusviðs – srs@ov.is og í síma 4503230

Umsóknarfrestur er til og með 25.janúar 2023

Um Orkubúið

Áratuga reynsla

Orkubú Vestfjarða ohf. býr að áratuga reynslu við verkjun vatnsafls og jarðhita og dreifingu og sölu raforku. Fyrirtækið á og rekur orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið var stofnað þann 26. ágúst 1977 og var þá sameignarfélag sveitarfélaga á Vestfjörðum og ríkisins. Fyrirtækið hóf formlega starfsemi þann 1. janúar 1978. Orkubú Vestfjarða ohf. var stofnað á grundvelli [laga sem samþykkt voru á Alþingi 2001](#).

Frá árinu 2002 hefur Orkubú Vestfjarða ohf. verið að fullu í eigu ríkisins.